

Sæl öll

Fyrir hönd sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps sendi ég ykkur þetta erindi, þeim 39 sveitarfélögum sem telja undir 1000 íbúa.

Við teljum framkomna tillögu um lögbvingaða sameiningu sveitarfélaga og 1000 íbúa lágmark, ganga freklega gegn lýðræði og sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Sjálfsákvörðunarrétturinn er varinn í Stjórnarskrá, Sveitarstjórnarlögum, og Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga. Þá teljum við mörgu snúið á haus í rökstuðningi og að engin haldbær rök finnist fyrir þessari aðgerð.

Mjög mikið er gert úr lýðræði og sjálfsákvörðunarréti í tillögunni að öðru leyti, því er þetta enn grófara.

Allra verst finnst okkur þetta;

Mikið er látið yfir samráði á öllum stigum máls. Í því sambandi teljum við að minni sveitarfélögum hafi verið haldið frá því samráði beint og óbeint, og þegar þau hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri, hefur verið lítið gert með það og jafnvel látið hverfa. Þannig er í kynningu á samráðsgátt af samráðsferli Grænþókar og umsögnum, sem og í greinargerð með þingsályktunartillögunni, ekkert minnst á andstöðu eða efasemdir við lögbvingun, sem þó kemur fram í umsögnum með afgerandi hætti. Þetta eru ámælisverð vinnubrögð og fullt tilefni til að mótmæla.

Við getum haft áhrif ef við stöndum saman og komum okkar málstað á framfæri. Í því sambandi leggjum við til;

- Að minni sveitarfélög mæti öll á landsþingið 6 sept og taki virkan þátt. Allir hljóta að eiga einhvern fulltrúa sem á heimangengt, þrátt fyrir að beri ofan í annir s.s. göngur og réttir.
- Að við mótmælum lögbvinguðum sameiningum, saman eða hvert í sínu lagi með bókunum.

Með því að leggja áherslu á lýðræðislegan rétt íbúa og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, öll sem eitt, verður erfitt að hunsa okkur í þessu máli. Við teljum vænlegast að einbeita okkur að þessu eina atriði, enda lýðræði rauður þráður í tillögunni.

Í stjórn sambandsins sitja 11 aðalfulltrúar sem allir koma frá 20 stærstu sveitarfélögum. Formaður hefur talað mjög ákveðið með tillögunni. Þessi stjórn ætlar að leggja fyrir landsþingið tillögu að samþykkt þingsins.

Við þurfum að vera viðbúin að koma með breytingartillögu í þessa átt, eða aðra tillögu ef verkast vill. Kannski ættum við að boða til fundar litlu sveitarfélaganna, ráða ráðum okkar og koma okkar sjónarmiðum beint á framfæri við fjölmiðla í tengslum við landsþing, t.d. daginn áður, eftir jafnréttisþingið. Hvað haldið þið?

Varðandi bókun bendi ég á bókun Skagastrandar 20. ágúst sem tekur á þessum kjarna málsins, sjá fundarlið nr. 12;

<https://www.skagastrand.is/static/files/fundargerdir/sveitarstjorn/1222-15.pdf>

Þá hef ég ritað nokkuð ítarlegri pistil á heimasíðu okkar um þennan þátt málsins sem ég vona að veiki menn til umhugsunar;

<https://www.grenivik.is/is/mannlifid/frettir/ofbeldi-i-nafni-lydraedis>

Sama hver skoðun ykkar er, sveitarstjóra og/eða sveitarstjórna, legg ég áherslu á að þið sýnið viðbrögð við þessum pósti, þannig að við fáum að heyra ykkar hug til málsins sem allra fyrst.

Með bestu kveðjum,



Þróstur Friðfinnsson

sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

s. 414 5400 / 894 4650

throstur@grenivik.is